Þórunn Hannes Stefán Kristján Andri Vernharð Lára Ólafur Þórey Magnús Arna Bjarni Gunnar Harpa Kristín

LIND FASTEIGNASALA

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

510 7900

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Dreift frítt í öll hús
í Kópavogi. 5. desember
2015, 46. tbl. 11. árgangur

www.kopavogsbladid.is

BAZAAR REYKJAVÍK
BAZAAR.IS
GJAFA & HEIMILISVÖRUR
BÆJARLIND 6 | 201 KÓP | 564 - 2013

ÞRI-FÖS: 11-18
LAU: 11-15

BÆJARSTARFSMENN Á FULLU

Okkar menn í snjónum

2

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

Iceland

Hamraborg 8

PANTAÐU Á DOMINOS.IS
DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

Undirbúa komu flóttamanna 6

Kópavogsbúi dagsins 12

Aðventuhátíð Kópavogs 10

HK fréttir 14

Arion banki

Dekkjahusid.is
FRÁBÆRT ÚRVAL AF DEKKJUM
NÝ VEFSÍÐA NÝ VEFSÍÐA
• Dekkjahótel (geymsla á dekkjum)
• Dekk og felgur í úrvali
• Snyrtileg aðstaða
• Alltaf heitt á könnunni
TILBOÐ Á UMFELGUN
Fólksbílar 5.490,-
Jepplingar 6.490,-
Jeppar 8.490,-
GRIPMAX FRELSI TIL ÆVINTÝRA
Netgíró MasterCard VISA LÉTTGREIÐSLUR
Dekkjahúsið
Dalbrekku 17, Kópavogi
Sími: 55 33 100
dekkjahusid@dekkjahusid.is
30 ára reynsla og þekking

STÓRTÍÐINDI

Íþróttafélag Kópavogs stofnað að nýju

ÍK, Íþróttafélag Kópavogs, hefur verið stofnað á nýjan leik. ÍK var fyrst stofnað árið 1976 en var lagt niður árið 1991 og knattspyrnudeild HK stofnuð. Í byrjun verður áhersla lögð á iðkun knattspyrnu bæði drengja og stúlkna ásamt meistaraflokki og verður félagið þátttakandi á Íslandsmótinu 2016, samkvæmt upplýsingum Kópavogsblaðsins. Þá verða einmitt 40 ár frá því félagið var fyrst stofnað. Merki félagsins og þverröndóttu grænu og hvítu búningarnir verða þeir sömu og áður. ÍK hyggst sækja um æfinga- og félagsaðstöðu í Fagralundi í Fossvogsdal og vera virkur aðili í íþróttaþjónustu við bæjarbúa í nærumhverfinu í norðurhluta Kópavogs nú þegar HK er flytja í Kórinn. ÍK hafði einmitt fengið það svæði úthlutað á sínum tíma. Mikil ánægja ríkir meðal gamalla ÍK-inga með endurkomu félagsins enda eiga margir góðar minningar frá ÍK árunum. Efnt verður til framhaldsaðalfundar fljótlega á nýju ári þar sem gamlir og nýir félagsmenn eru velkomnir að gerast stofnfélagar. Formaður ÍK er Sigvaldi Einarsson.

Margir þjóðkunnir kappar léku með ÍK á árum áður. Myndin hér að ofan er af síðasta meistaraflokks liðsins árið 1991. Þarna eru, að öðrum ólöstuðum: Víðir Sigurðsson, Helgi Kolviðsson, Reynir Björnsson og Hörður Már Magnússon.

SÝNING

Fréttir af stofnun Wilhelms Beckmann

Nýlega var sett upp smásýning á ljósmyndum af verkum Wilhelms Beckmann í svokallaðri Beckmannsstofu í Bókasafni Kópavogs, 3. hæð. Þar á meðal er mynd af nýfundnu málverki eftir Wilhelm, sem fróðir menn segja að sé í anda kúbismans. Þessi mynd fannst nýlega á heimili úti í bæ. Starfsmenn stofnunarinnar halda áfram að leita því víða leynast verk eftir þennan góða listamann. Er sem fyrr skorað á fólk að láta vita af verkum eftir hann því verið er að skrá þau í Sarp.is en þar eru þegar komnar myndir og upplýsingar um rúmlega 100 verk hans.

Myndirnar sem fylgja þessari frétt eru teknar af ljósmyndurunum Guðmundi Ingólfssyni og Önnu Kristínu Sigurðardóttur.

Hér gefur að lita verkin á smásýningunni í Bókasafni Kópavogs. Önnur frá hægri í efstu röð er myndin sem síðast fannst, fallegt málverk af Madonnu með Jesú.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

JS LJÓSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

SNJÓRINN

Sjá til þess að götur og gangstéttir séu færar

Þeir Ragnar Snæbjörnsson, Óskar Ólafsson og Steinþór Hjaltason eru mættir eldsnemma á morgnanna til að ryðja burt snjó á öllum götum Kópavogs.

Jóhannes Æ. Hilmarsson, yfirhúsvörður bæjarskrifstofanna, fjarlægir grýlukerti í Fannborg.

Sigurður Óli Bjarnason, Jón Ólafur Kristjánsson, Einar Axelsson og Arnar Kristjánsson eru harðduglegir á skóflunum.

BÆJARFRÉTTIR

Engin samstaða í þverpólitískum samráðshóp

Þverpólitískur samráðshópur, sem skipaður var í sumar og átti að skila niðurstöðu í haust um mögulegan flutning bæjarskrifstofanna úr Fannborg, gat ekki komið sér saman um greinargerð með tillögu til lausnar. Deilt hefur verið um mögulegan flutning bæjarskrifstofanna úr Fannborg frá því vor. Hópurinn leggur til að bæjarstjórn kjósi á milli tveggja kosta; að vera áfram með skrifstofurnar í Fannborg eða að flytja annað hvort í Norðurturn Smáralindar eða í turninn við Smáratorg. Nefndarmenn eru sagðir almennt sammála um að endurskipuleggja þurfi Hamraborgarreitinn í heild sinni.

Lesklúbbar fyrir börn

Á Bókasafni Kópavogs eru nú í gangi lesklúbbar fyrir börn, annars vegar klúbburinn Huginn sem er ætlaður börnum 10-11 ára og svo Muninn sem er fyrir 12-13 ára börn. Klúbbarnir eru alltaf á mánudögum kl. 16:00-17:00 og kemur hvor hópur annan hvorn mánudag. Það eru Eva Hrund Kristinsdóttir og Aðalheiður Erla Jónsdóttir sem stýra verkefninu og vonir standa til að það geti haldið áfram eftir áramótin. Ef spurningar vakna má hafa samband við þær Evu og Erlu í síma 441-6800, eða senda póst á bokasafn@kopavogur.is og auðkenna með nafni þeirra.

Á DÖFINNI

Kaffihúsaguðsjónusta í Lindakirkju

Annan sunnudag í aðventu, 6. desember kl. 20 verður haldin svokölluð kaffihúsaguðsþjónusta í Lindakirkju. Seldar verða kaffiveitingar á aðeins 1000 krónur til styrktar starfi Vinavoða í Lindakirkju. Félagsskapurinn Vinavoðir, sem hóf göngu sína í Lindakirkju vorið 2014, hefur að markmiði að prjóna og hekla sérstök bænasjöl. Bænasjölin hafa verið gefin áfram sem vinarvottur og hlýjar blessunaróskir til sjúklinga og annarra sem eru staddir á krossgötum í lífi sínu. Vinavoðir hittast í Lindakirkju á mánudögum kl. 11:00-12:00.
Fundirnir hefjast með stuttri bæn og svo er hafist handa við að hekla eða prjóna.
Í kaffihúsaguðsþjónustunni syngur Þór Breiðfjörð jólalög og jólasálma við undirleik djasstríós sem skipað er Vigni Þór Stefánssyni, píanó, Jóni Rafnssyni á bassa og Eric Quick, sem leik-ur á trommur. Þór mun meðal annars flytja efni af nýútgefinni pötu sinni, Jól í stofunni. Dís Gylfadóttir flytur hugvekju en sr. Guðmundur Karl Brynjarsson leiðir stundina.

Kópavogsblaðið slf
Ritstjóri: Auðun Georg Ólafsson
Sími: 899 3024
Netfang: audun@kopavogsbladid.is
Heimasíða: www.kopavogsbladid.is
Umbrot: Guðmundur Árnason
Prentun: Landsprent
Dreifing: Póstdreifing

NÆSTA BLAÐ KEMUR ÚT 19. DESEMBER
SKIL Á AUGLÝSINGUM OG EFNI Í BLAÐIÐ ER FYRIR 16. DESEMBER

Kópavogsblaðinu er dreift frítt í öll hús í Kópavogi

Ritstjórnarstefnan er eftirfarandi: Kópavogsblaðið vill stuðla að aukinni samheldni og samstöðu Kópavogsbúa. Við höfum sérstakan áhuga á skemmtilegu mannlífi og atvinnulífi í Kópavogi og því sem gerir Kópavog að sérstökum og jákvæðum bæ að búa í, starfa og heimsækja.

Gjafakort Íslandsbanka

Einfaldaðu ákvörðunina
með gjafakorti Íslandsbanka

Gjafakort Íslandsbanka hittir alltaf í mark og er gjöf með endalausa möguleika. Kortið má nota eins og önnur greiðslukort, bæði í verslunum um allan heim og á netinu.

Þú færð gjafakortið í fallegum umbúðum í næsta útibúi Íslandsbanka.

Íslandsbanki

8 rétta
hlaðborð
í hádeginu
TILBOÐ
KR. 1.790.-
OPIÐ KL. 11:00-14:00
Hlaðborðið er alla virka daga,
ekki um helgar

Kinahofid
NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022
kinahofid.is

Lionsklúbbur Kópavogs og Lionsklúbburinn Muninn standa að

SKÖTUVEISLU LIONS

20. desember

Í Lionssalnum Lundi

Auðbrekku 25-27 í Kópavogi.

Matur framreiddur frá kl. 11:30 til kl. 14:00 og kl. 17:30 til kl. 21:00

Verð á mann er aðeins kr. 3.500
Frítt fyrir 12 ára og yngri
Miðasala við inngang

Aqua Sport
www.aquasport.is

Við eigum jólagjafir fyrir þá sem stunda sund og þríþraut.
Smelltu þér inn á heimasíðuna okkar og skoðaðu úrvalið!
"allt til sundiðkunar - sundíþróttir eru okkar fag"

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar auglýsir eftir umsóknum um styrki úr lista- og menningarsjóði vegna verkefna á næsta ári.

Umsóknum skal skila fyrir **22. desember 2015.**

Hlutverk sjóðsins er að efla menningarlífið í Kópavogi í samræmi við menningarstefnu bæjarins. Styrkir eru veittir einstaklingum, stofnunum og listhópum.

Umsækjendur verða að sýna fram á gildi verkefnisins fyrir lista- og menningarlíf í Kópavogi, getu til að hrinda verkefninu í framkvæmd og leggja fram skýra fjárhagsáætlun.

Umsóknareyðublöð fást á vef Kópavogsbæjar eða hjá þjónustuveri bæjarins, Fannborg 2.

Á umsókn skal standa:
Lista- og menningarsjóður
Fannborg 2
200 Kópavogur

Kópavogsbær
kopavogur.is

PRPARTBAVA • SÍA • 155777

SKÓLAHLJÓMSVEIT KÓPAVOGS

Árlegir hausttónleikar

Skólahljómsveit Kópavogs hélt árlega hausttónleika sína í Háskólabíói miðvikudaginn 4. nóvember síðastliðinn. Þema tónleikanna var íslensk tónlist úr ýmsum áttum, sönglög og dægurlög og frumsamin lög fyrir blásarasveitir. Rúmlega 150 börn og ungmenni komu tónlistinni til skila af þeirri snilld sem þau eru þekkt fyrir. A sveitin, skipuð nemendum sem hófu nám á síðasta vetri var með metnaðarfullt prógram og fluttu m.a. lagið Dimmar rósir og skemmtilegt lag eftir Sif Þórisdóttur, sem hún samdi þegar hún var tíu ára gömul og nemandi í skólahljómsveitinni. Hjá B sveitinnivar það ástin sem réði ríkjum og tengdust öll lögin þeirra ástina á einhvern hátt. þAu fluttu m.a. Tvær stjörnur og Bláu augun þín, en í því lagi lék Unnur Ágústsdóttir 12 ára, einleik á altsaxófón og stóð sig frábærlega. Elsti hópurinn, C sveitin tókst á við erfiðustu verkin og lék m.a. tónverkið Suite Arctica sem Páll Pampichler Pálsson samdi sérsteklega fyrir íslenskar skólalúðrasveitir. Um síðustu helgi tók SK þátt í maraþontónleikum í Hörpu, þar sem 570 ungmenni tróðu upp með samtals sjö klukkustunda langt prógram með þemanu „óskalög þjóðarinnar". 14 hljómsveitir víðs vegar að af landinu tóku þátt og léku íslenska efnisskrá þar sem lög úr keppninni óskalag þjóðarinnar sem sýnd var á RÚV í fyrra voru rauði þráðurinn í efnisvalinu. Skólahljómsveit Kópavogs sem er fjölmennasta skólahljómsveit landsins sendi þrjár sveitir til leiks, en fyrirkomulagið var þannig að hver hljómsveit fékk hálftíma á sviðinu í Norðurljósum til að láta ljós sitt skína. Tilgangur verkefnisins var að sýna þá fjölbreytni sem ríkir í blásarasveitum landsins og ekki annað að sjá en að þeir fjölmörgu tónleikagestir sem nutu tónleikanna þennan dag hafi einmitt fengið magnaðan kokteil íslenskrar tónlistar beint í æð. Allar sveitir sem tóku þátt í tónleikunum þóttu sýna afbragðs fimi í tónlistarflutningi og sömuleiðis átti kynnirinn góða spretti, píanóleikarinn góðkunni, Jón Ólafsson.

EKKI MISSA AF

Páll Óskar og Monika koma fram með Skólakór Kársness

Jólasöngvar Skólakór Kársness verða í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, sunnudaginn 20. desember og hefjast þeir klukkan 16. Á efnisskrá eru mörg alþekktir jólasöngvar í bland við ný og sprellfjörug lög og lofa kórfélagar ósvikinni jólastemningu. Sérstakir gestir verða Páll Óskar og Monika Abendroth og taka þau nokkur lög með kórnum. Boðið verður upp á kakó og piparkökur í hléi. Miðar fást hjá kórfélögum, í Salnum (salurinn.is) og á tix.is og er aðgangseyrir 3000 krónur. Lilja Cardew, fyrrum kórfélagi, sér um undirleikinn. Stjórnandi kórsins er Þórunn Björnsdóttir.

Þórunn Björnsdóttir ásamt krökkum úr Kársneskórnum.

NEYÐARAÐSTOÐ

Mæðrastyrksnefnd Kópavogs og Kópavogsdeild Rauða krossins veita neyðaraðstoð fyrir jólin

Tekið verður á móti umsóknum 8. desember næst komandi milli klukkan 16:00 – 18:00 í húsnæði nefndarinnar að Fannborg 5, Kópavogi.

Krafist er eftirfarandi fylgiskjala:
1. Afrit af staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra
2. Búsetuvottorði frá Kópavogsbæ.

Úthlutun til umsækjenda fer fram 15, 16, og 17. desember næst komandi milli klukkan 16–18 að Fannborg 5. Sýna þarf skilríki.

Emergency assistance
Applications, for emergency assistance before coming Chrismas to those who have legal residence in Kópavogur will be received on Dec 8th at Fannborg 5 between 11:00 – 16:00 hrs.

Accompanying documents required:
1. Copy of withholding register from the Director of In ternal Revenue.
2. Certificate of legal residence from the municipality of Kópavogur.

Allocations to applicants for Christmas assistance will be on Dec 15th, 16th and 17th. between 16:00 – 18:00 at Fannborg 5.

Identification will be required.

Mæðrastyrksnefnd Kópavogs
Fannborg 5, sími: 677251

PAMPERS GÆÐABLEYJUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Botnverð á Pampers bleyjum í Iceland

Pampers

ÓTRÚLEGT VERÐ

TILBOÐ Á BLEYJUM

1199 kr. pakkinn

PAMPERS
ALLAR STÆRÐIR - STÓRIR PAKKAR

BLAUTÞURRKUR

199 kr. pakkinn

PAMPERS
GÆÐABLAUTÞURRKUR

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

Vaxtalaus jólareikningur Netgíró*
Þú borgar jólainnkaupin **1. febrúar 2016**

*Þú borgar enga vexti en greiðir 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald (ef upphæð er yfir 3.000 kr. annars 0 kr.) og lántökugjald 3,95%

Úrval er breytilegt eftir verslunum

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

SKAUTA HÖLLIN
REYKJAVÍK
Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.
Föstudaga
13:00 til 19:00.
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.

1X2
GETRAUNANÚMER
Breiðabliks
ER 200

1X2
GETRAUNANÚMER
HK
ER 203

Jólatilboð
á dúnsængum
og koddum

DÚN & FIÐUR
Hreinsun og endurnýjun í yfir 50 ár
Laugavegi 86 • 101 Reykjavík
S: 511 2004 • E-mail: dunogfidur@dunogfidur.is
www.dunogfidur.is

FLÓTTAMENN

Undirbúa komu 15 flóttamanna, þar af 10 barna, til Kópavogs

-Markmiðið að tryggja nýjum íbúum bæjarins sem mýksta lendingu

Anna Klara Georgsdóttir, verkefnastjóri, ásamt Nicole Dubus sem veitir ráðgjöf til undirbúningshóps fyrir komu flóttamanna.

Þrjár fjölskyldur flóttamanna; fimm fullorðnir og tíu börn á aldrinum 1-17 ára verða nýir íbúar Kópavogs síðar í mánuðinum. Þau koma úr flóttamannabúðum í Líbanon og hafa verið þar í um og yfir tvö ár. Í mörg horn er að líta þegar tekið er á móti flóttamönnum og hefur sérstakur undirbúningshópur á vegum bæjarins verið að störfum frá því í október. Í honum sitja auk bæjarstjóra og formanns félagsmálaráðs; sviðsstjórar velferðarsviðs, menntasviðs og umhverfissviðs, upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar auk jafnréttisfulltrúa, framkvæmdastjóri heilsugæslunnar og deildastjóri Rauða krossins í Kópavogi. Anna Klara Georgsdóttir er verkefnastjóri undirbúningshópsins. Hún segir þetta vera visst brautryðjendastarf því Kópavogur hafi ekki áður tekið við flóttamönnum. Það sé því verk að vinna. „Við höfum fengið fræðslu um menningu Sýrlands og veruleika flóttafólks til þess að reyna að undirbúa okkur sem best fyrir móttökuna, auk þess sem við höfum leitað til sveitarfélaga sem reynslu hafa af móttökuverkefnum. Einnig hefur verið ákveðið að vera í samstarfi við Hafnarfjörð sem tekur á móti fjölskyldum líka, meðal annars um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu," segir Anna Klara. Hún og Aðalsteinn Sigfússon, sviðsstjóri velferðarsviðs, hafa fundað reglulega með fulltrúa velferðarráðuneytisins og hinna móttökusveitarfélaganna um stöðu mála. „Búið er að ráða manneskju sem ráðgjafa fjölskyldnanna. Hún verður í hálfu starfi í eitt ár og helsta verkefni hennar verður annars vegar að stýra þjónustu velferðarsviðs til flóttafólksins og hins vegar að halda utan um og samræma þjónustuna sem veitt verður í skólum, leikskólum, menntaskóla, heilsugæslu og hjá Rauða krossinum." Börnin sem hingað koma fara í hverfisskóla sína með stuðningi frá Álfhólsskóla, þar sem er sérþekking á fjölmenningu.

„Ég fæ mörg símtöl frá fólki sem vill gefa innbú og fatnað, en Rauði krossinn mun sjá um að taka á móti slíku og innrétta íbúðirnar. Tekið verður á móti húsgögnum og innanstokksmunum á Smáratorgi á sunnudaginn og hafa má samband við Bergþóru hjá Kópavogsdeildinni sem tekur við skráningum. Hún er með netfangið: bergthora@redcross.is. Föt má gefa í grenndargámana," segir Anna Klara. „Markmið undirbúningsins er að tryggja þessum nýju íbúum sem mýksta lendingu og til þess þurfa allar stofnanir bæjarins að vinna saman að því að verkefnið gangi vel. Við lítum á þennan hóp sem nýja íbúa bæjarins til framtíðar og er það leiðarljós okkar í þessari vinnu."

Nicole Dubus er undirbúningshópi fyrir komu flóttamanna til ráðgjafar. Hún er hér á vegum Fullbright stofnunarinnar, en Velferðarsráðuneytið óskaði eftir styrk til að fá hana hingað til lands. Hún hefur verið í samskiptum við ráðuneytið, flóttamannanefnd, háskólana á höfuðborgarsvæðinu og er í þessari viku að vinna með starfsmönnum Kópavogsbæjar og Hafnarfjarðar áður en hún fer til Akureyrar og verður þeim innan handar. Nocole hefur fundað með starfsmönnum skóla og leikskóla, velferðarsviðs, heilsugæslu og Rauða krossins og gefið dýrmæta innsýn inn í reynslu sína af starfi með flóttafólki og aðlögun þeirra. „Ég legg mikla áherslu á að við horfum til framtíðar og hvar við viljum sjá þessa nýju íbúa og fjölskyldur þeirra eftir 20-30 ár," segir Nicole.

Reynsla mín er
okkar beggja hagur

S. 695 4500

Íris Hall
Löggiltur fasteignasali
irishall@landmark.is

LANDMARK
FASTEIGNASALA

FLÓTTAMENN

Undirbúningur kominn vel af stað

Hrafnhildur Kvaran, verkefnisstjóri Rauða krossins.

Á næstu vikum er von á hópi flóttafólks frá Sýrlandi til Íslands. Úr þeim hópi eru þrjár fjölskyldur sem munu setjast að í Kópavogi en aðrar munu setjast að í Hafnarfirði og á Akureyri. Við komu þeirra til landsins hefst nýr kafli í þeirra lífi. Þessar fjölskyldur eiga það sameiginlegt að vilja byggja upp líf sitt að nýju, fjarri styrjaldarslóð þar sem líf þeirra er í stöðugri hættu. Þegar er farinn af stað mikill undirbúningur fyrir komu þessa fólks til landsins en það hvernig tekið er á móti flóttafólkinu getur skipt sköpum um að þeim gangi vel að aðlagast íslensku samfélagi.

Fyrir tæpum tuttugu árum var tekið á móti fólki úr öðrum styrjaldarátökum, af Balkanskaga. Jóvana Schally, sem kom hingað fimm ára gömul eftir hættulegan flótta fjölskyldunnar af heimkynnum sínum, skrifaði nýlega á vef Rauða krossins um reynslu sína af því að koma hingað til lands sem flóttamaður. Þar segir hún:

„Árið 1996, komum við svo til Ísafjarðar sem flóttafólk í gegnum Rauða krossinn, ásamt nokkrum fjölskyldum til viðbótar. Á móti okkur tók yndislegasta fólk sem ég hef á ævinni minni fengið að kynnast, fólk sem tók okkur að sér sem part af fjölskyldu sinni, fólk sem við systur getum kallað ömmu og afa, frændur og frænkur, fólk sem pabbi minn getur kallað foreldra sína, bræður og systur o.s.frv. Þeim verðum við fjölskyldan ævinlega þakklát.“

Þó enn sé ekki alveg ljóst nákvæmlega hvenær flóttafólkið kemur þá er undirbúningur af hálfu Rauða krossins vegna komu þeirra kominn vel af stað. Þann 23. nóvember var haldinn kynningarfundur fyrir sjálfboðaliða á höfuðborgarsvæðinu og var þar fullt út úr dyrum. Í síðustu viku var haldið undirbúningsnámskeið fyrir sjálfboðaliða sem hafa áhuga á að gerast stuðingsfjölskyldur fyrir flóttafólkið. Námskeiðið var mjög vel sótt og nú eru komnar um 24 tilvonandi stuðningsfjölskyldur sem eru að búa sig undir að tengjast fjölskyldunum sem koma í Kópavog og Hafnarfjörð. Hlutverk stuðningsfjölskyldna er fyrst og fremst að vera til staðar fyrir flóttafólkið, taka vel á móti þeim og vera þeim innan handar fyrsta arið eftir komu þeirra til landsins.

Á næstu dögum ætlar Rauði krossinn að safna húsgögnum og öðrum húsbúnaði. Þegar hefur verið haft samband við alla þá sem buðust til þess að gefa húsgögn til flóttafólks í gegnum aðfangaskráningu „Kæra Eygló-Sýrland kallar“ og sjálfboðaliðaskrá Rauða krossins. Söfnunin fer fram dagana 6. og 7. desember. Rauði krossinn hefur fengið endurgjaldslaust húsnæði að Smáratorgi 1 til afnota frá fasteignafélaginu Eik. Þeir sem vilja gefa húsbúnað eins og mottur, teppi, lampa, leikföng og fleira sem gerir hús að heimili geta komið með hann þangað dagana 6. og 7. desember næstkomandi milli kl. 15 og 19.

Rauði krossinn fær íbúðir afhentar á næstunni og þá verður hafist handa við að búa íbúðirnar húsgögnum og gera hús að heimili. Sjálfboðaliðar Rauða krossins taka virkan þátt í öllum undirbúningi og gegna lykilhlutverki við aðlögun flóttafólks sem hingað kemur í boði stjórnvalda. Það hefur sýnt sig og sannað í þeim sveitafélögum þar sem tekið hefur verið á móti flóttafólki að almenningur á Íslandi ber hlýhug til fólks sem þarf á aðstoð að halda. Reynsla okkar hjá Rauða krossinum er sú að almenningur á Íslandi hefur skilning á nauðsyn þess að við veitum flóttamönnum aðstoð, meðal annars með því að veita þeim skjól í samfélagi okkar.

Myndatexti

JÓLABÖRN

Krakkarnir í Arnarsmára dansa, syngja og föndra fyrir jólin

Í síðustu viku bökuðu krakkarnir í Arnarsmára piparkökur. Síðan var komið að því að hlusta á jólasögu og að sjálfsögðu voru jólamyndir teiknaðar. Krakkarnir hafa líka æft dansa og söngva fyrir jólaballið og útbúið fallegt jólaskraut. Foreldrafélagið stóð fyrir jólaföndri í vikunni þar sem börn og foreldrar föndruðu saman síðdegis í skólanum og áttu saman notalega stund.

Aðventustundir eru alla mánudaga. Annan mánudag í aðventu er eldri borgurum í Gullsmára boðið að taka þátt og í þriðju aðventustundina er foreldrum boðið að vera með. Stefnt er að því að sú stund verði úti við eldstæðið.

Foreldrafélagið býður börnunum upp á jólaleikrit og að þessu sinni verður það Björt og jólasveinarnir í flutningi Þórdísar Arnljótsdóttur.

Elstu börnin fara í Sívertsenhús í Hafnarfirði og fræðast um jólin í gamla daga. Fjögurra ára börnin fara í Grasagarðinn í Laugardal og eiga þar notalega stund, dansa kringum jólatré, hlusta á jólasögu og fá heitt kakó og epli. Þriggja ára börnin fara í bókasafnið og heyra um jólaköttinn. Farið er í Digraneskirkju rétt fyrir jól og prestarnir segja börnunum hvers vegna jólin eru haldin.

Föstudaginn 18. desember verður jólaball í skólanum.

Á þorláksmessu verður að sjálfsögðu boðið upp á skötu í matinn og saltfisk fyrir þá sem ekki vilja skötuna.

Þó mikið sé um að vera á þessum tíma er lögð áhersla á að börnin fái notið stundarinnar og gleymi sér við leik og störf.

Lágt lyfjaverð

FARMASIA
Sími 511-0200 - farmasia@farmasia.is

Opið alla virka daga frá 08.00 til 20.00
Opið um helgar:
Laugardaga frá 10-18 - Sunnudaga frá 13-18

Nýtt sjálfstætt starfandi apótek í Suðurveri

Persónuleg og góð þjónusta í nágrenni við þig

1
VIDEO-MARKAÐURINN
Hamraborg 20a
200 Kópavogur
Sími: 554 6777

2
Brostu Tannlæknastofa
Hamraborg 5
200 Kópavogur
Sími: 564 2660

3
SJÚKRAÞJÁLFUN KÓPAVOGS EHF.
HAMRABORG 12 • 200 KÓPAVOGUR
S. 564 1766 & 554 5488 • sjk@sjk.is

4
BT Ræsting
www.raesting.is • Sími 554 3213



9
ANARKÍA
ANARKÍA LISTASALUR
Hamraborg 3
200 Kópavogi
Sími: 554 4101
www.anarkia.is

10
ÖREIND
Auðbrekku 3
200 Kópavogi
Sími: 564 1660

11
K KÖKUHÚSIÐ 1976
Auðbrekku 2
200 Kópavogi
Sími: 568 9040

12
JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.
Auðbrekku 23, Kópavogi
s. 564 1819, www.jako.is

5

18 RAUÐAR RÓSIR

Hamraborg 3
200 Kópavogur
Sími: 554 4818

6

SNYRTISTOFAN
Jóna

Hamraborg 10 • 200 Kópavogur • sími 554-4414
www.snyrtistofa.is

7

LIONS INTERNATIONAL

Munið skötuveisluna

Auðbrekku 25
200 Kópavogur

8

JÓNATAN LJÓSMYNDIR
WWW.JONATAN.IS
S: 6601280

Fyrirtæki við Hamraborg og Auðbrekku

13

BÍLVOGUR
bílaverkstæði

Almennar viðgerðir
Smurþjónusta
Dekkjaþjónusta

Auðbrekku 17
200 Kópavogi
Sími: 564 1180

14

vélastilling
Auðbrekku 19 - 200 Kópavogi
Sími 554 3140 - velastilling@simnet.is

15

DANSSKÓLI
Sigurðar Hákonarsonar

Auðbrekku 17
200 Kópavogi
Sími: 564 1111

16

Rauði krossinn
Kópavogi

Hamraborg 11
200 Kópavogi
Sími 570 4060
kopavogur@redcross.is

Aðventuhátíð Kópavogsbæjar

Mikið var um dýrðir í Kópavogi á aðventuhátíð Kópavogs sem fram fór á túninu við menningarhúsin um síðustu helgi. Tendrað var á vinabæjartréi frá vinabæ Kópavogs, Norrköping, og slegið upp jólaballi. Veðrið lék við Kópavogsbúa sem fögnuðu upphafi aðventunnar í sannkölluðu jólaveðri.

Hönnunarsýning

Samhliða aðventuhátíð Kópavogsbæjar um síðustu helgi, fór fram hönnunarsýningin Hönnun og handverk í Gerðarsafni. Veski, kerti, kvenfatnaður, leirlist, kjólar og konfekt var á meðal þess sem boðið var upp á og kunnu gestir vel að meta. Hönnun er í miklum vexti í Kópavogi um þessar mundir og víða um bæ er verið að hanna og framleiða fallega muni sem seldir eru út um allan heim.

Listakonan Elísabet Ásberg rekur vinnustofu við Elliðavatn en listverk hennar hafa prýtt helstu veitingastaði og fyrirtæki í Reykjavík. Elísabet hefur mjög sérstakan stíl sem hefur vakið verðskuldaða athygli. Allar nánari upplýsingar á **asberg-design.com**.

Sigrún Einarsdóttir er með vinnustofu við Huldubraut. Hún hannar og framleiðir þessa fallegu muni undir merkinu Cooldesign, sem margir kannast við. Þetta er klassísk og vönduð gjafavara. Algjörlega íslensk hönnun eins og hún gerist best. Nánari upplýsingar á **cooldesign.is.**

Verslunin Ræman á Nýbýlavegi hefur vakið verðskuldaða athygli en þar eru seldar vörur frá Evuklæði og Ísafold design. Ísafold er ungt og upprennandi hönnunarfyrirtæki sem hannar og framleiðir fljölbreytt úrval fylgihluta úr leðri, selskinni, ref, og gæruskinni. Saman við þessi náttúrulegu hráefni er blandað við grænlenskum perlum, íslenskum lopa og ýmsum endurnýtanlegum hlutum svo úr verða öðruvísi og náttúrulegir fylgihlutir. Nánari upplýsingar á **isa-fold.is.**

Glerlist frá Nadine vakti áhuga viðstaddra en á meðal þess sem hægt var að sjá voru búsáhöld og búsáhaldastandur. Fagurlega gerð hálsmen, eyrnarlokkar, hringar, skyrtuhnappar og meira að segja flöskutappar voru til sýnis. Vörurnar eru til sölu á vinnustofu Nadine að Þingholtsbraut 3. Nánari upplýsingar á **nadine.is.**

Erna Jónsdóttir er leirlistamaður í Kópavogi sem er með eigin vinnustofu á Álfhólsvegi 61. Erna var bæði með nytja- og skrautmuni á sýningunni, mest allt úr postulíni. Rjúpan er þema í mörgum verkum Ernu. Nánari upplýsingar á **ernaceramics.com.**

Rannveigu Tryggva þarf vart að kynna fyrir listunnendum. Hún hefur selt verk sín í flestum galleríum landsins, haldið margar einkasýningar og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum. Allar nánari upplýsingar má nálgast á **rannveigtryggva.com**

Ert þú að missa af 30 þúsund krónum?

Frístundastyrkir Kópavogsbæjar

Ganga þarf frá greiðslu æfinga- og námskeiðsgjalda barna- og ungmenna **fyrir 31. desember næstkomandi** til að nýta frístundastyrk Kópavogsbæjar fyrir 2015.

Nánari upplýsingar á kopavogur.is

Kópavogsbær

kopavogur.is

PRENTBVA · SÍA · 153803

KYNNING

Lærðu að tjá þig á ensku án erfiðis

Mjög stór hópur fólks á miðjum aldri sem lærði ensku á skólaárum sínum, þar sem lögð var áhersla á að lesa og að skrifa en ekki hlustun og að tala, eru oft í erfiðleikum með að tjá sig á ensku, til dæmis í ferðalögum erlendis. Hægt er að bæta úr þessu með námskeiðum, bæði innanlands og erlendis, þar sem áherslan er á að tala ensku. Það að tala upphátt bætir enskukunnáttuna mjög mikið. Það truflar hins vegar marga að ef upp koma mörg orð eða setningar sem nemandinn skilur ekki. Þá er hætta á að spennustigið hjá nemandanum vaxi og þá dregur úr námsárangri. Til eru kennsluaðferðir til þess að mæta þessu eins og: „Án erfiðis“ frá Tunumal.is þar sem nemendur fá hlustunarefni og lesefni ásamt öllum þýðingum. Nemendu hlusta, lesa og endurtaka upphátt. Þeir geta þjálfað sig daglega og á þeim hraða sem hentar hverjum og einum. Það er afar mikilvægt með talmál. Hátt í 7000 manns hafa lært með þessarri aðferð hérlendis á síðustu sex árum.

Nánar á www.tungumal.is.

AÐSENT

Heildarstefnumótun fyrir Kópavog

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 24. nóvember s.l. var fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2016 samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Í samstæðu Kópavogsbæjar er gert ráð fyrir 257,3 milljóna rekstrarafgangi á næsta ári. Skuldahlutafall bæjarins lækkar því umtalsvert og hraðar en aðlögunaráætlun gerir ráð fyrir. Áætlunin gerir ráð fyrir að hlutfallið verði komið niður í 155,5% í árslok 2016.

Í áætluninni var m.a. samþykkt að innleiða heildarstefnumótun fyrir starfsemi Kópavogsbæjar með gerð stefnumarkandi áætlana fyrir svið, deildir og stofnanir bæjarins. Markmið með gerð slíkra áætlana er m.a. að sjá fyrir og laga starfsemina að framtíðinni, að móta skýra sýn á starfsemi bæjarins, að gera Kópavogsbæ betur í stakk búinn til að mæta óskum og þörfum íbúa bæjarins, tryggja að bæjarstjórn beini sjónum að mikilvægum málefnum til umræðu og ákvörðunar og verða vettvangur samskipta milli þeirra sem veita þjónustu og þeirra sem njóta hennar.

Theodóra S. Þorsteinsdóttir, formaður bæjarráðs Kópavogs (BF).

Þá var einnig samþykkt að hefja innri endurskoðun í starfsemi Kópavogsbæjar. Í því felst eftirlit með reglum og fyrirmælum á sviði fjárhags og bókhald, þar sem tryggja á sem bestan árangur í starfseminni.

Auk ofangreinds var ákveðið að ráðast í nýtt og spennandi verkefni sem eykur íbúalýðræði til muna. Í því felst samráð við íbúa og rafrænar íbúakosningar um ráðstöfun fjármagns til fjárfestinga í hverfum bæjarins. Það er von mín að Kópavogsbúar taki vel við sér þegar kemur að því að forgangsraða verkefnum í nærsamfélaginu í einstökum hverfum og nýti tækifæri sem gefast til að taka stefnumarkandi ákvarðanir um eigið samfélag.

Á DÖFINNI

Barna- og jólaóperan Amahl og næturgestirnir

Söngdeild Tónlistarskóla Kópavogs flytur barna- og jólaóperuna Amahl og næturgestina eftir Gian Carlo Menotti, þriðjudaginn 15. desember kl. 18.00 og fimmtudaginn 17. desember kl. 20.00 í Salnum. Leikstjóri er Anna Júlíana Sveinsdóttir, söngkennari skólans. Uppfærslan tekur eina klukkustund og aðgangur er ókeypis á meðan húsrúm leyfir. Í helstu hlutverkum eru þau Andri Páll Guðmundsson, Tinna Jóhanna Magnusson, Jón Pétur Friðriksson og Gunnar Emil Ragnarsson. Gian Carlo Menotti (1911-2007) samdi bæði textann og tónlistina við barnaóperuna Amahl og næturgestina fyrir NBC sjónvarpsstöðina og var hún frumflutt á aðfangadag árið 1951. Hún er fyrsta óperan sem samin var sérstaklega fyrir sjónvarp í Ameríku og sáu hana fimm miljónir manna. Sagan fjallar um fatlaða drenginn Amahl og fátæka móður hans. Vitringarnir þrír knýja dyra og biðja um húsaskjól á leið þeirra til Betlehem að sjá nýfædda Jesúbarnið. Ýmislegt gerist á heimilinu um nóttina og Amahl vill gefa Jesúbarninu hækjuna sína. Þegar hann réttir vitringunum hana læknast hann og fær mátt í fótinn. Allir gleðjast yfir þessu kraftaverki og vitringarnir taka Amahl með til Betlehem til að hitta Jesúbarnið.

Andri Páll Guðmundsson og Tinna Jóhanna Magnússon í hlutverkum sínum.

HEYRÐU UMSKIPTIN

Taktu þátt í framþróuninni og fáðu nýja tækni til reynslu

Erum með margar gerðir og verðflokka af ReSound heyrnartækjum.
Heyrnartæki sem hjálpa þér að greina talmál, hafa framúrskarandi hljómgæði
og snjalla þráðlausa tengingu.

HEYRN

Heyrnarþjónusta. Hlíðasmára 11. 201 Kópavogur, Sími 534-9600. www.heyrn.is

KÓPAVOGSBÚI DAGSINS

Sólveig Helga Jónasdóttir

Héðinn Sveinbjörnsson tilnefndi í síðasta Kópavogsblaði Sólveigu Helgu Jónasdóttur sem næsta Kópavogsbúa dagsins.

Hver ertu, hvaðan kemurðu og hvert ertu að fara?
„Ég er fædd og uppalin á Siglufirði en hef búið í Kópavogi í alls 45 ár. Ég fór ung suður til náms í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og tók þar kennaradeildina og lauk námi eftir fjögur ár. Ég bjó einn vetur á skólaárum mínum við Þinghólsbrautina og kunni mjög vel við mig í Vesturbænum. Kynntist svo tilvonandi maka, rótgrónum Reykvíkingi, sem þá var að ljúka námi í KÍ. Við réðum okkur bæði til starfa við Digranesskóla í Kópavogi. Eftir árs búsetu í Reykjavík fannst okkur réttara að flytja í bæjarfélagið þar sem við störfuðum. Okkur fýsti mjög að festa okkur húsnæði í Kópavoginum. Við hófum búsetu fyrst í Löngubrekku og seinna í Víðihvammi. Ég kenndi síðar myndmennt við Kársnes-skólann, í þrjú ár, og einnig við Myndlistarskóla Reykjavíkur og kynntist uppbyggingu þess skóla vel. Ég hafði lengi haft áhuga fyrir slíkum skóla í mínu bæjarfélagi. Í bæn-um var blómlegt menningarlíf, góður tónlistarskóli, blómlegt leiklistarlíf en vantaði myndlistarskóla. Ég fékk til liðs við mig góðan myndmenntakennara til að leggja út á þá braut að stofna Myndlistaskóla Kópavogs. Það varð síðan að veruleika árið 1988. Þar starfaði ég í átta ár, á mótunarárum skólans, jöfnum höndum við stjórnun og kennslu. Mér var mikið í mun að koma skólanum á laggirnar þannig að hann næði fótfestu í bæn-um. Ég sá fyrir mér kraumandi listaskóla sem gæti bæði sinnt hefðbundnu myndlistarnámi og farið nýjar brautir í samtíma með kjarkaðri framtíðarsýn, í takt við það allra besta sem gerist á þessu sviði innanlands sem utan. Ég hef einnig tekið þátt í gerð fyrstu kennslubóka í myndmennt fyrir grunnskólanemendur ásamt þremur öðrum myndlistarkennurum, verið leiðsagnarkennari myndlistanema í réttindanámi í HÍ, farið sem gestanemandi í Fjöltæknideild MHÍ 1986-87 og síðar í árs framhaldsnám í School of Art and Design í Bristol á Englandi 2001-2002. Síðan hef ég stundað sérkennslu í allmörg ár og unnið að ýmsum skemmtilegum þróunarverkefnum, verið í yfirkjörstjórn bæjarfélagsins og setið í lista og menningaráði Kópavogs. Í upphafi ætlaði ég alls ekki að vinna við kennslu, taldi mig ekki heppilegan kandídat í það starf. Hugurinn stóð til framhaldsnáms í myndlist erlendis en af praktískum ástæðum sló ég því á frest og réði mig til kennslu. Myndmenntakennslan altók mig strax á fyrstu árunum og hef ég haft óskaplega mikla ánægju af því að kenna. Börn og unglingar eru með skemmtilegri manneskjum sem ég hef unnið með.“

Fjölskyldan árið 1979. Frá vinstri: Einar Long, Fanney, Sólveig Helga og Margrét

Þetta listaverk eftir Sólveigu heitir „Selfie - beðið eftir aðgerð.“

Þetta málverk eftir Sólveigu heitir „Flýgur eins og fuglinn“ og var málað árið 1990.

Fjölskylduhagir og búseta

„Ég er gift Einari Long Siguroddssyni, fyrrum aðstoðarskólastjóra Digranesskóla og núverandi tölvuumsjónarmanni Álfhólsskóla. Við eigum tvær dætur; Margréti Einarsdóttir Long, sem er myndlistarmaður, myndlistarkennari og ferðamálafræðingur og Fanneyju Long Einarsdóttur, sem er vöruhönnuður. Síðan eigum við barnabörnin Katrín Björg og Gísla. Dætur okkar og barnabörn hafa alist hér upp og sú yngri hefur haft fasta búsetu í bæjarfélaginu til þessa. Eftir mikla leit að húsnæði fyrir 40 árum fundum við sælureit á Kópavogsbrautinni. Öll fjölskyldan hefur unað sátt við þann stað allar götur síðan. Þegar minnst er á að selja og flytja sig um set heyrast hávær mótmæli frá barnabörnunum sem segja: „Það má ekki selja ættarsetrið okkar.“ Okkar rætur hér í bæjarfélaginu eru orðnar fastari en svo að auðvelt sé að slíta þær og flytja um langan veg.“

Hvað er það besta að búa í Kópavogi og hvað mætti betur fara?
„Litla þorpsstemningin er yndislegt búsetuumhverfi þar sem trjágróðurinn í Vesturbæ Kópavogs umlykur okkur og skapar skjólgott umhverfi. Ég er þeirrar skoðunar að atvinnurekstur alls konar sé of fyrirferðamikill á Kársnesinu á fallegustu sjávarsvæðunum. Honum hefur fylgt full mikill draslaragangur sem sjónmengar þessi fallegu svæði. Litríkt kaffihúsaumhverfi við sjávarsíðuna væri vel þegið.“

Hvað hefur þú verið að fást við undanfarið?
„Eftir að ég hætti kennslu hef ég unnið hugmyndavinnuannir með menntaskólanemum sem er ákaflega gefandi. Ég hef haldið námskeið og fyrirlestra hjá FÍMK um „Virka hugsun/hugmyndavinna.“ Ég vil nota tækifærið hér og lýsa ánægju minni með gæði myndmenntakennslunnar í grunnskólum bæjarins. Hún örvar skapandi hugsun og hefur þróast í góðar áttir enda almennt vel menntaðir kennarar að störfum. Síðast en ekki síst vinn ég að listsköpun á mínu heimasvæði. Ég stunda myndlist til að viðhalda andlegri vídd. Hef tekið þátt í samsýningu, fyrst í Norræna húsinu árið 1976, einkasýningu í einum sal Gerðarsafns árið 1994 og einkasýningu á Siglufirði árið 2013.“

Lífsmottó

„Vera skapandi, heiðarleg og samkvæm sjálfri mér en geta samt ærslast og komið mér út úr kassaforminu sem oftast.“

Sólveig Helga tilnefnir Þorvald Víðisson, biskupsritara sem næsta Kópavogsbúa dagsins.

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

Allir fá þá eitthvað fallegt...

Í jólagjafahandbók Lyfju finnur þú fjölbreytt úrval af fallegum og nytsamlegum gjafavörum fyrir alla fjölskylduna.

Nældu þér í eintak af jólagjafahandbókinni í næstu verslun Lyfju.

Lágmúla, Laugavegi, Nýbýlavegi, Smáralind, Smáratorgi, Borgarnesi, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Blönduósi, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki, Húsavík, Þórshöfn, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Höfn, Laugarási, Selfossi, Grindavík, Keflavík

Þjónusta við Kópavogsbúa – Verslum í heimabyggð

JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.
Auðbrekku 23, Kópavogi
s. 564 1819, www.jako.is

PÚST
Smiðjuvegi 50 rauð gata
200 Kópavogi
Sími 564 0950
www.pustkerfi.is

Dælur og þjónusta ehf
Dælur til allra verka
Smiðjuvegi 3 Grá gata
200 Kópavogi
Sími: 5 400 600
daelur.is

CAR-MED bílaverkstæði
Dalvegi 24
201 Kópavogi
Sími: 571 7030
www.car-med.is

BÍLVOGUR
Auðbrekku 17, 200 Kópavogi
Allar almennar bílaviðgerðir.
Sérhæfum okkur í VW, Skoda og Mitsubishi.
Sími: 564 1180
bilvogur@simnet.is
bilvogur.is

KÓPAVOGSBLAÐIÐ
Þjónustuauglýsing í Kópavogsblaðinu
Nafnspjaldastærð 80 x 52 mm
kopavogsbladid@kopavogsbladid.is

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA
MOPAR · Jeep · CHRYSLER · DODGE · FIAT

BÍLJÖFUR VARAHLUTIR
Smiðjuvegi 72 · Gul gata Kópavogi · Sími 555 4151 · varahlutir@biljofur.is

JEPPADEKK Á BETRA VERÐI

Nú þurfa dekk ekki lengur að vera fyrirstaða þess að ævintýrin rætist...
Við erum að tala um gæði á verði sem þú hefur aldrei séð áður!
Leggðu Gripmax á minnið.

GRIPMAX FREEDOM FOR ADVENTURE

Verð miðast við 4 dekk

MT GRIP MAX MUD RAGE

STÆRÐ	VERÐ KR.
15" 31 / 10,5	99.900,-
15" 32 / 11,5	119.900,-
15" 33 / 12,5	139.900,-
15" 35 / 12,5	179.900,-
16" 265 / 75	129.900.-
16" 305 / 70	169.900,-
16" 315 / 75	169.900,-
17" 285 / 70	169.900,-

AT GRIP MAX ALL TERRAIN

STÆRÐ	VERÐ KR.
15" 235 / 75	79.900,-
16" 225 / 70	79.900,-
16" 265 / 70	99.900,-
16" 265 / 75	109.900.-
17" 245 / 65	99.900,-
17" 265/ 70	119.900,-
17" 275 / 65	124.900,-
18" 265 / 60	129.900,-

AS GRIP MAX ALL SEASON

STÆRÐ	VERÐ KR.
16" 225 / 70	74.900,-
16" 235 / 70	79.900,-
16" 265 / 75	99.900.-
17" 265 / 70	99.900,-

MS GRIP MAX MUD & SNOW

STÆRÐ	VERÐ KR.
18" 235 / 60	89.900,-
19" 255 / 50	114.900,-
19" 265 / 50	119.900,-
20" 275 / 40	129.900,-

Dalbrekku 17
200 Kópavogi
Sími: 55 33 100

Dekkjahúsið

ÞETTA ER AÐEINS BROT AF VÖRUÚRVALI OKKAR - NÁNAR Á WWW.DEKKJAHUSID.IS

HK fréttir

BLAK

Stelpurnar með fullt hús stiga

Íslandsmeistararnir í HK hefja titilvörnina með krafti þetta tímabilið. Þær hafa sigrað fyrstu fimm leiki tímabilsins og eru á toppi Mizunodeildarinnar með 15 stig og tapað einungis einni hrinu á móti bikarmeisturnum í Aftureldingu. Næsti leikur stúlknanna verður á móti Stjörnunni og búast má við hörkuleik en leikurinn verður spilaður í Fagralundi 11.desember nk.

Nóg um að vera hjá strákunum

HK, Íslandsmeistarar karla í blaki tóku þátt í norður Evrópukeppni félagsliða sem fram fór í Tromsö í norður Noregi 27-30. nóvember s.l. Í keppninni tóku þátt 11 félagslið í þremur riðlum. Fjögur lið komast áfram í úrslit, efsta lið hvers riðils auk þess liðs sem bestan árangur náði í öðru sæti riðlanna.
HK keppti við norsku liðin BK Tromsö og Randaberg auk danska liðsins Marienlyst. Það var ljóst að þetta mót yrði erfitt og leikar enduðu þannig að HK tapaði öllum þremur leikjunum. Þetta er þó án efa góð reynsla fyrir liðið að taka þátt í móti sem þessu. Strákarnir eru Íslandsmeistarar s.l. fjögurra ára og frábært að fá tækifæri til að mæta nýjum áskorunum.
Í leiknum gegn Tromsö var Lúðvík Már Matthíasson valinn besti leikmaður HK af mótshöldurum. Í leiknum gegn Randaberg var Fannar Grétarsson valinn besti leikmaður HK og í þriðja og síðasta leiknum var Andreas Halldórsson valinn besti leikmaður HK.
Í deildarkeppninni hér heima þá eru strákarnir með 13 stig eftir 5 leiki, einungis tveimur stigum á eftir gríðarsterku liði Stjörnunnar. Næsti leikur strákanna er á móti sameiginlegu liði Þróttar/Fylkis í Fagralundi 11.desember nk.

Íslandsmeistarar í 3.flokki

Krakkar í 3. flokki HK gerðu góða ferð austur á Neskaupstað í nóvember s.l. Strákarnir og stelpurnar sigruðu Íslandsmót haust 2015. Stelpurnar unnu þrjá leiki af fjórum og strákarnir unnu fjóra leiki sína. Krakkarnir stóðu sig frábærlega og voru til fyrirmyndar innan vallar sem utan. Ferðin varð eftirminnileg fyrir margar sakir en þau urðu veðurteppt og komust ekki

heim fyrr en degi síðar en áætlað var. Það væsti þó ekki um þau þar sem Flugfélag Íslands bauð þeim gistingu á Icelandair hotels á Egilsstöðum auk matar og keyrslu á flugvöll. Bestu þakkir til Flugfélags Íslands og þökkum við fyrir að hlúð var vel að íþróttafólkinu okkar þegar svona aðstæður koma upp.

FRÆÐSLA

Næring íþróttamanna

Einn færasti næringarfræðingur og næringarráðgjafi landsins, Fríða Rún Þórðardóttir, hélt tvo fyrirlestra fyrir áhugasama iðkendur og foreldra í Fagralundi á dögunum. Þar fór hún yfir mikilvægi réttrar næringar fyrir íþróttafólk og hvað næringin spilar stóran þátt í velgengi í íþróttum. HK þakkar Fríðu Rún og UMSK fyrir að bjóða upp áhugaverðan og fræðandi fyrirlestur fyrir okkar framtíðar íþróttafólk.

BLAK

HK-ingur mánaðarins

Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir er HK-ingur mánaðarins að þessu sinni en hún er A-landsliðs leikmaður í borðtennis fatlaðra og ófatlaðra. Hún var í liði Íslands á smáþjóðaleikunum í sumar ásamt því að leika fyrir Íslands hönd á evrópuleikum fatlaðra ungmenna sem fór fram í Króatíu. Kolfinna er þrefaldur Íslandmeistari unglinga í einliðaleik, Íslandsmeistari unglinga í tvíliðaleik og tvenndarleik, sigurvegari lokamóts Grand Prix og sigurvegari Reykjavik International Games. Kolfinna var einnig valin borðtenniskona ársins 2015 af Borðtennissambandi Íslands.

Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK-ingur mánaðarins.

BORÐTENNIS

HK-ingar að gera góða hluti í borðtennis

Þau Csanad Forcas Balint og Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir úr HK eru að gera það gott þessa dagana.
Þau sigruðu í opnum flokki í Grand prix móti HK þar sem allt besta borðtennisfólk landsins atti kappi á stærsta móti sem HK heldur ár hvert.
Kolfinna lék til úrslita gegn Aldísi Lárusdóttur úr KR og hafði betur í hörkuleik sem endaði í oddalotu 4-3. Til úrslita í karlaflokki lék Csanad gegn Kára Mímissyni úr KR og hafði betur og sigraði fjórar lotur gegn tveimur.
HK-ingar standa einnig í ströngu á öðrum vígstöðvum en bæði karla og kvennalið félagsins leika í efstu deild í deildakeppni borðtennissambandsins, sem er íslandandsmót liða í borðtennis. Þar eru karlarnir í öðru sæti, en þeir komu upp úr annarri deild eftir að hafa unn-ið hana á síðasta ári. HK hefur komið verulega á óvart með frammistöðu sinn á þessu keppnistímabili og hefur alla burði til að verða sigursælt á þessu tímabili.
HK-ingar státa einnig af titlinum Íslandsmeistarar liða unglinga, en þann titil unnu þeir með sameiginlegu liði BH úr Hafnarfirði auk þess sem leikmenn frá félaginu hafa leikið með landsliðum Íslands með frábærum árangri.
Æfingar borðtennisdeildar fara fram í íþróttahúsi Snælandsskóla á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum frá kl 1630 til 1800.

HANDBOLTI

Sóley í úrvalsliði fimmeinn.is

Nú þegar Olísdeild kvenna er hálfnuð hefur handboltavefsíðan fimmeinn.is valið úrvalslið fyrri hluta tímabilsins. HK á einn fulltrúa í liðinu, hana Sóleyju Ívarsdóttur, sem var valinn besti varnarmaðurinn ásamt Önnu Úrsúlu í liði Gróttu. Liðið er valið af þjálfurum, starfsfólki liða ásamt fréttamönnum á fimmeinn.is.

Ungir og efnilegir

Á dögunum var valinn æfingahópur landsliðs drengja 14 ára og yngri. Hópurinn kom saman helgina 21. og 22. nóvember og æfði undir stjórn Maksim Akbachev. Þetta var í fyrsta skipti sem þessi hópur æfði saman og voru tæplega 70 strákar valdir til æfinga sem fóru fram í Kórnum.
HK átti fimm fulltrúa í hópnum en það eru þeir Benedikt Þorsteinsson, Breki Muntaga, Kári Tómas Hauksson, Kristján Pétur Barðason og Simon Michael Guðjónsson. HK óskar þeim til hamingju með landsliðsvalið.

Sóley Ívarsdóttir var valin besti varnarmaðurinn.

Á döfinni hjá HK

Laugardagurinn 5.des:
-Mizunodeild kvenna í blaki
Þróttur N.-HK kl.13:30

Föstudagurinn 11.des:
-Mizunodeild karla í blaki
HK-Stjarnan kl. 20:30

-1.deild karla í handbolta
HK-Stjarnan kl.19:30

-Mizunodeild kvenna í blaki
HK-Stjarnan kl.20:30

Föstudagurinn 18.des:
-1.deild karla í handbolta
Þróttur-HK kl.19:30

-Mizunodeild karla í blaki
Stjarnan-HK kl.20:00

Þriðjudagurinn 22.des:
-Mizunodeild karla í blaki
Þróttur/Fylkir-HK kl.19:30

Munið: Vetrarhátíð HK í Kórnum 23. janúar.

Deildir innan HK

Dans | Knattspyrna | Borðtennis | Blak | Taekwondo | Bandý | Handbolti

Harðparket

Krono Original
Sea Breeze
Vnr. 0113456

Klúbbverð
1.295.-
verð fm²
~~fullt verð 1.695.-~~

Harðparket - Eik
Stærð: 7 x 192 x 1285 mm

Krono Original er endingargott harðparket sem þolir vel högg, núning, álag og hitakerfi.

Komdu til okkar í Hólf & Gólf og skoðaðu fjölbreytt úrval af **Krono Original.**

Náttúrulegt útlit í hönnun og þýsk gæði.

Klúbbverð
Krono Original
Santiago eik
Vnr. 0113449

1.295.-
verð m²
~~fullt verð 1.695.-~~

Harðparket - Eik
Stærð: 7 x 192 x 1285 mm
Þriggja stafa eik

Klúbbverð
Krono Original
Royal eik
Vnr. 0113454

1.295.-
verð m²
~~fullt verð 1.695.-~~

Harðparket - Eik
Stærð: 7 x 192 x 1285 mm
Þriggja stafa eik

Klúbbverð
Krono Original
Nevada eik
Vnr. 0113475

1.995.-
verð m²
~~fullt verð 2.695.-~~

Plankaparket - Eik
Stærð: 8 x 192 x 1285 mm

Klúbbverð
Steirer
Country eik
Vnr. 0113767

6.595.-
verð m²
~~fullt verð 7.995.-~~

Viðarparket - Eik planka
Stærð: 14 x 140 x 2200 mm

FEGRAÐU HEIMILIÐ

Gólfefni er ákaflega mikilvægur þáttur í því að skapa fallega heildarmynd fyrir heimilið. Hjá BYKO færðu hágæða harðparket og viðarparket frá framleiðendum sem hafa skapað sér frábært orðspor á alþjóðlegum vettvangi.

HÓLF & GÓLF
BYKO BREIDDINNI

Segðu það með vörunum frá okkur

Endalaust úrval af stórum og smáum vörum til að gleðja viðskiptavini
og starfsmenn fyrir hátíðirnar.
Hafðu samband og við græjum glaðninginn hið snarasta.

S: 585 3500 margtsmatt.is office@margtsmatt.is

margt smátt